




82 þúsund mál komu inn á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árinu.

Um 9.900 hegningarlagabrot voru til afgreiðslu hjá lögreglunni á árinu. Ívið fleiri brot en árin á undan.

250 mál
á hverjum sólarhring



10 mál
á hverri klukkustund

Kynferðisbrotum heldur áfram að fjölga og eru tilkynningar **15% fleiri** í ár en í fyrra. Fjölgunin er aðallega tilkomin vegna tilkynninga um kynferðislega áreitni og rannsóknar lögreglu á málum er varða kaup á vændi. Ofbeldisbrotum fækkar lítillega. Auðgunarbrotum fjölgar lítillega – aðallega vegna fjölgunar tilkynninga um fjársvik.

Rúmlega **37 þúsund** umferðarlagabrot voru skráð hjá embættinu á árinu en þá eru ekki talin með hraðakstursbrot innan umdæmisins sem nást á hraðamyndavélar Vegagerðarinnar.

Lögregla skráir um 101 umferðarlagabrot á hverjum sólarhring. 19.300 hraðakstursbrot voru skráð innan umdæmisins á árinu (fyrir utan brot sem nást á hraðamyndavélar Vegagerðar).

16.600 einstaklingar voru kærðir fyrir umferðarlagabrot á árinu.



1.600 brot voru skráð þar sem ekið var undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Tæplega 990 einstaklingar voru kærðir fyrir þessi brot. Brotum fjölgar um 6% milli ára.

1.200 brot voru skráð þar sem ekið var undir áhrifum áfengis. Tæplega 970 einstaklingar voru kærðir fyrir þessi brot.

Heilt yfir voru rúmlega **1.720 ökumenn** grunaðir um akstur undir áhrifum áfengis eða ávana eða fíkniefna á árinu. Slysum þar sem grunur er um akstur undir áhrifum áfengis fækkar milli ára.



Um **helmingur** allra mála sem lögregla sinnir flokkast sem verkefni. Þá er um að ræða viðfangsefni sem meðal annars snúa að aðstoð við stjórnvöld, félagasamtök eða við íbúa höfuðborgarsvæðisins vegna ýmissa mála. Má þar nefna aðstoð vegna veikinda, annarlegs ástands eða misnotkunar lyfja en slíkum verkefnum fjölgar verulega hjá lögreglu og voru mál vegna slíkra verkefna að jafnaði **10** á dag alla daga ársins.

Lögreglu berast að jafnaði níu tilkynningar á dag vegna grunsamlegra mannaferða eða aðfinnsluverðs háttarlags auk fimm tilkynninga á dag um hávaða annað hvort utandyra eða innandyra.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi rúmlega 2.600 tilkynningar til barnaverndar vegna afskipta af börnum innan embættisins en hefur jafnframt svarað 224 erindum frá barnavernd vegna málefna barna.

Embættinu berast að jafnaði **45 þúsund símtöl** í gegnum þjónustuborð á ári hverju. Þetta þýðir um 180 símtöl hvern virkan dag. Flest þessara símtala varða upplýsingabeiðnir vegna umferðarsekta eða annarra mála sem til meðferðar eru hjá lögreglu.

Netfangið **abending@lrh.is** er mikið nýtt þegar fólk vill koma upplýsingum til lögreglu. Á árinu hafa borist nær 5.000 tölvupóstar. Þetta þýðir að meðaltali komu inn 21 tölvupóstar dag hvern, en á síðasta ári voru þeir nær 14 hvern vinnudag.



Á árinu hefur embættinu borist 25 þúsund einkaskilaboð á samfélagsmiðlum. Einkaskilaboðum er að jafnaði svarað innan 4 klukkustunda og sinna starfsmenn embættisins ásamt starfsmönnum fjarskiptamiðstöðvar þessu verkefni allan sólarhringinn alla daga ársins.

Nú eru tæplega **90 þúsund** einstaklingar áskrifendur lögreglunnar á facebook. Á árinu hafa átt sér stað 160 þúsund ummæli, „læk“ og deilingar við færslur lögreglunnar – sem sýnir að fólk kann vel við að hafa lögregluna nálægt sér á samfélagsmiðlum.